

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 85/2010

frá 2. júlí 2010

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2010 frá 30. apríl 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB frá 16. september 2009 um breytingar á tilskipunum 2006/48/EB, 2006/49/EB og 2007/64/EB að því er varðar banka sem tengjast miðlægum stofnunum, tiltekna þætti eigin fjár, stórar áhættur, fyrirkomulag eftirlits og áhættustjórnun ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði IX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB) og 31. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB):

„— **32009 L 0111:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB frá 16. september 2009 (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 97).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 16e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB):

„eins og henni var breytt með:

— **32009 L 0111:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/111/EB frá 16. september 2009 (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 97).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/111/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 35, 15.7.2010, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 97.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. júlí 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*) eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2008 frá 6. júní 2008 ⁽³⁾ eða gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽⁴⁾, hvað sem síðast varð.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júlí 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 27, og EES-viðbætið við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 103, og EES-viðbætið við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 11.